



Álagningarforsendur fasteignagjalda, útsvarsprósenta og gjaldskrár vegna vatnsveitu 2026

Útsvarsprósenta fyrir Flóahrepp fyrir árið 2026 verður 14,97%

Lóðarleiga innheimtist skv. lóðarleigusamningum.

A-flokkur 0,40% af fasteignamati:

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og frístundahús ásamt lóðarréttindum.

B-flokkur 1,32% af fasteignamati:

Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.

C-flokkur 1,56% af fasteignamati:

Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

Afsláttur af fasteignagjöldum er veittur skv. gildandi reglum um lækkun, niðurfellingu eða styrki til fasteignaskatts í Flóahreppi.

Vatnsgjald Vatnsveitu Flóahrepps:

Vatnsgjald frá Vatnsveitu Flóahrepps verður eftirfarandi:

	Fast gjald	Lágmark	Hámark
A flokkur fyrir utan frístundahús 0,2% af fasteignamati	-	26.820 kr.	52.829 kr.
Frístundahús fast gjald	44.700 kr.	-	-
Vatnstæki í beitarhólfum og óbyggðar lóðir tengdar vatni	26.820 kr.	-	-
C flokkur og útihús 0,3% af fasteignamati	-	-	543.375 kr.

Seyrulosun:

Árlegt gjald fyrir seyrulosun þriðja hvert ár að jafnaði:

Frístundahús (eða aðrar fasteignir sem hreinsaðar eru á 5 ára fresti): 16.117 kr. á ári

Íbúðarhús (eða aðrar fasteignir sem hreinsaðar eru á 3 ára fresti): 20.000 kr. á ári

Að öðru leiti er vísað í gildandi gjaldskrá vegna móttöku og hreinsunar á seyru hjá Umhverfis- og tæknisviði uppsveita bs. www.utu.is

Gjalddagareglur fasteignagjalda fyrir árið 2026:

Gjöld vegna sorphirðu, vatnsgjald, seyrulosun og lóðaleiga hafa sömu gjalddaga og fasteignaskatturinn og er innheimtu þeirra hagað á sama hátt.

Greiðslur sem eru 20.000 kr. eða lægri eru með einn gjalddaga: 1. mars.

Greiðslur sem eru 20.001 kr. til 60.000 kr. greiðast á þremur gjalddögum: 1. mars, 1. maí og 1. júlí.

Greiðslur 60.001 kr. og hærri greiðast á tíu gjalddögum: 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. sept., 1. okt. og 1. nóv.

Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

Flóahreppur sendir ekki út greiðsluseðla né álagningarseðla í bréfapósti. Greiðsluseðlarnir birtast í heimabanka greiðanda undir rafrænum skjölum og álagningarseðlarnir eru aðgengilegir inn á upplýsinga- og þjónustuveitunni www.island.is. Hægt er að óska eftir álagningarseðli og greiðsluseðli í bréfapósti með því að hafa samband við skrifstofu sveitarfélagsins í síma 480-4370 eða með tölvupósti á netfangið floahreppur@floahreppur.is.

Samþykkt í sveitarstjórn Flóahrepps 02.12.2025

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri